

## AUGLÝSING

### (VI) um staðfestingu reglna sveitarfélags um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 722, 4. ágúst 2005, um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006, staðfestir ráðuneytið úthlutunarreglur Sandgerðisbæjar, sbr. ákvæði 2. gr.

2. gr.

Úthlutað verður 1. júní 2006 og fer um úthlutun samkvæmt samstarfssamningi Sandgerðisbæjar við fiskverkendur og útgerðarmenn frá 1. mars 2006. Samningurinn hefur verið kynntur ráðuneytinu og er þar aðgengilegur hverjum þeim sem þess óskar.

3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 722, 4. ágúst 2005, um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006, til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. maí 2006.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Árni Múli Jónasson.*